

Lög Hjálparsveitarinnar Tintron

1. grein.

Björgunarsveitin heitir Hjálparsveitin Tintron, og hefur aðsetur Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitin er aðili að Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Sveitin skal í stefnu og starfi virða markmið og samþykktir Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

2. grein.

Tilgangur sveitarinnar er að vinna að hverskonar björgunar- og leitarstörfum. Að þjálfa féлага sveitarinnar sem best til björgunarstarfa og koma upp nauðsynlegum búnaði.

3. grein.

Stjórnun sveitarinnar á milli aðalfunda er í höndum stjórnar. Stjórn sveitarinnar skal skipuð 6 mönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, og 2 meðstjórnendum. Stjórn skal nánar skipta með sér verkum að loknum aðalfundi. Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs í senn nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Auk þess skulu kosnir fyrsti og annar varamaður sem kalla skal til starfa í stjórn ef stjórnarmaður forfallast.

4. grein.

Aðalfundur er æðsta vald sveitarinnar og skal haldinn í mars eða apríl ár hvert. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara af hálfu stjórnar sveitarinnar, með áberandi auglýsingu í húsakynnum sveitarinnar eða vefsvæði sveitarinnar og ennfremur með opinberri auglýsingu eða bréfi til félagsmanna. Ef aðalfundur telst ekki lögmætur, skal samstundis boða til nýs fundar innan fjögurra vikna, og telst hann þá lögmætur ef réttilega er til hans boðað skv. framanskráðu. Kjörgengi hafa fullgildir félagsmenn í félagatali. Aðalfundur telst lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp og borin undir atkvæði.
3. Skýrsla stjórnar um starf sveitarinnar.
4. Fjárhagsskýrsla gjaldkera.
5. Umfjöllun um ársreikninga og þeir bornir undir atkvæði.
6. Inntaka nýrra félaga.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar, sbr. 3. gr. laga þessara. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, gjaldkeri, ritari og meðstjórnendur í einu lagi. Þá skulu varamenn kosnir sérstaklega. Formaður og varaformaður skulu vera kosnir annað hvert ár og ekki á sama ári
9. Kosning uppstillingarnefndar, hún skal skipuð 3 mönnum.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.

5. grein.

Reikningsár sveitarinnar skal miðast við almannanaksárið.

6. grein.

Stjórn hefur heimild til að setja reglugerðir. Reglugerðir þarfnast samþykis einfalds meirihluta á aðalfundi en 2/3 hluta fundarmanna á sveitarfundi.

7. grein.

Sveitin starfar samkvæmt 43/2003 :Lög um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn

8. grein.

Enginn getur orðið fullgildur félagi í sveitinni fyrr en 18 ára aldri er náð. Stjórn setur reglugerðir um inngöngu í sveitina og um nýliðþjálfun.

9. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að innheimta félagsgjöld af félagsmönnum. Framkvæmd gjaldtöku skal ákveðin af aðalfundi.

10. grein.

Stjórn félagsins skal annast skuldbindingar í nafni þess, og hafa yfirumsjón með fjármálum og eignum. Stjórn félagsins hefur einungis umboð til einstakra fjárfestinga sem tengjast daglegum rekstri í nafni þess að því sem nemur 1/5 veðhæfi fasteigna, nema til komi sérstök heimild sveitarfundar. Það sama gildir um sölur eigna. Stjórn hefur ekki heimild til þess að skila neikvæðum ársreikningi nema með samþykki sveitarfundar.

11. grein.

Ef Hjálparsveitin Tintron hættir störfum skulu eignir hennar verða í vörslu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Eigi er Slysavarnafélaginu Landsbjörg heimilt að ráðstafa þessum eignum nema til uppbyggingar björgunar- og hjálparsveitar í Grímsnes- og Grafningshreppi

12. grein.

Sveitarfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara af hálfu stjórnar sveitarinnar, með áberandi auglýsingu í húsakynnum sveitarinnar eða vefsvæði sveitarinnar. Stjórn skal boða til sveitarfundar ef 5 félagsmenn biðja um sveitarfund.

13. grein.

Lög þessi öðlast þegar í stað gildi og með þeim eru úr gildi fallin eldri lög félagsins. Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur til breytinga á lögum sveitarinnar skulu koma fram í fundarboði eða auglýsingu aðalfundar og þurfa samþykki minnst 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi. Tillögur sem ekki koma fram í fundarboði eða auglýsingu aðalfundar þurfa samþykki minnst 4/5 hluta fundarmanna

Grímsnes- og Grafningshreppi 18. nóvember 2020.

Lögum breytt á aðalfundi 18.11.2020